



Háaleitisskóli
Ásbrú

Lestrarstefna Háaleitisskóla
2020-2021





Efnisyfirlit

Inngangur	6
Lestrarmenning	8
Hlutverk heimilis	10
Lestrarkennsla á yngsta stigi	13
1. bekkur	13
Hæfniviðmið	13
Kennslufyrirkomulag	14
Námsefni	14
Matstæki	1
2. bekkur	2
Hæfniviðmið	2
Kennslufyrirkomulag	3
Námsefni	1
Matstæki	1
3. bekkur	1
Hæfniviðmið	1
Kennslufyrirkomulag	2
Námsefni	1
Matstæki	1
4. bekkur	1
Hæfniviðmið	1
Kennslufyrirkomulag	3
Matstæki	3
Úrræði á yngsta stigi	1
Lestrarkennsla á miðstigi	1



5. bekkur	1
Hæfniviðmið.....	1
Kennslufyrirkomulag	2
Námsefni	1
Matstæki	1
6. bekkur	1
Hæfniviðmið.....	1
Kennslufyrirkomulag	3
Námsefni	3
Matstæki	1
7. bekkur	2
Hæfniviðmið.....	2
Kennslufyrirkomulag	4
Námsefni	1
Matstæki	1
Úrræði á miðstigi.....	1
Lestrarkennsla á unglingastigi.....	1
8. bekkur	1
Hæfniviðmið.....	1
Kennslufyrirkomulag	3
Námsefni	3
Námsmat.....	1
9. bekkur	1
Hæfniviðmið.....	1
Kennslufyrirkomulag	3
Námsefni	3



Námsmat.....	1
10. bekkur	2
Hæfniviðmið.....	2
Kennslufyrirkomulag.....	5
Námsefni.....	5
Námsmat.....	1
Úrræði á unglíngastigi.....	1
Skilgreiningar á námsmati.....	1
Hraðlestrarpróf	1
Markmið hjá hverjum árgangi í lestri.....	1
Lesskilningspróf.....	1
Stafakönnun.....	2
Læsi – lesskimun	2
Lesferill.....	2
Áherslur og kennsluaðferðir	2
Gagnvirkur lestur	2
Hugtakakort	2
Hljóðlestur.....	3
Nákvæmnislestur	3
Leitarlestur.....	3
Hraðlestur	3
Lesskilningsverkefni	3
Lestraráttak	3
Fyrirkomulag í foreldraviðtölum	3
Verkferlar vegna heimalesturs og heimavinnu	4
Heimalestur.....	4



Óunnin heimavinna..... 4

Heimildaskrá 5



Inngangur

Orð eru verkfæri hugsunarinnar. Lestur gerir okkur snjöll.

Skólaárin 2018 til 2020 vann Lestrarteymi Háaleitisskóla að endurskoðun og stefnumótun stefnu í lestri fyrir skólann. Í slíkri vinnu þarf að taka tillit til þátta eins og Aðalnámskrá grunnskóla, Lestrarstefnu Reykjanesbæjar, fjölgun nemenda af erlendum uppruna á stuttum tíma í skólanum, stöðu nemenda í lestri, nýlegri starfsemi bókasafnsins og kennslufræðilegra aðferða sem leiða til árangurs í lestri.

Háaleitisskóli hefur á undanförnum árum vaxið mjög hratt og eru u.þ.b. 40 % nemenda af erlendum uppruna. Haustið 2018 opnaði tungumálaver, Gláðheimar, sem sinnir kennslu í íslensku sem annað mál. Sama haust náði Háaleitisskóli þeim áfanga að verða heildstæður grunnskóli með kennslu frá 1. – 10. bekk og útskrifaði sinn fyrsta 10. bekk vorið 2019. Þess ber einnig að nefna að haustið 2017 var fyrst ráðinn fastur starfsmaður við bókasafn skólans. Bókasafnið er þar með ennþá að mótast og er í örri þróun. Á sama tíma hefur bókakosti safnsins aukist verulega og nemendur hafa úr fleiri og fjölbreyttari lesefni að velja.

Endurskoðun lestrarstefnunnar hófst í höndum lestrarteymisins skólaárið 2018-2019. Teymið skilaði inn tillögu til stjórnenda um að halda vinnustofu með öllum kennurum skólans til þess að endurskoða og komast að því hvað væri að ganga vel og ekki í lestrarkennslunni, í hverjum bekk fyrir sig. Í ljósi þess að fjölmening er einn af þeim þáttum sem allir kennarar og starfsfólk skólans þarf að taka tillit til í störfum sínum og kennslu, var hluti af tillögu teymisins að leita eftir hugmyndum frá íþróttá-, list- og verkgreinakennurum skólans um hvernig þeir gætu líka lagt sitt af mörkum í lestrar- og orðaforðakennslunni.

Vorið 2019 var ráðinn annar deildarstjóri við Háaleitisskóla og tók hann við stjórn lestrarteymisins haustið 2019. Það hefur einnig komið í hans hlut að halda utan um málefni tengd lestrinum og fylgja eftir stefnu skólans í þeim efnum. Hann kynnti orðaforðavinnu haustið 2019 sem skólinn hefur innleitt. Í henni felst að leitað er að merkingu orða í öllum námsgreinum, svokallað orðarýni. Áhersla lögð á að vinna með orð og hugtök sem notuð eru hverju sinni.

Vinnustofan var haldin á haustmánuðum og tóku allir kennarar þátt í henni. Lestrarkennslukaflinn eins og hann leggur sig er afrakstur þeirrar vinnu. Rýnt var í það sem gengur vel og hvað mætti betur fara. Einnig átti sér stað hugmyndavinna að því hvað við



getum gert meira af í öðrum námsgreinum þegar kemur að lestrar- og orðaforðavinnunni. Sérstaklega með tilliti til fjölmenningar og í kennslu íslensku sem annað mál. Að svo stöddu er áherslan á lestrarkennsluna og íslenskuna í þessari útgáfu lestrarstefnunnar. Það er vilji og áhugi fyrir því að samþætta námsgreinar frekar á þann hátt að í næstu endurskoðun á lestrarstefnunni yrði kafli um útfærslur í lestrar- og orðaforðavinnu í öðrum námsgreinum tiltekin nánar. Háaleitisskóli er fjölmenningskóli og liður í því er að íslenska sem annað mál sé hluti af öllum námsgreinum, en ekki aðeins bundið við kennslu í Glaðheimum. Lestur og íslenska er okkar mál. Íslenska sem annað mál er samtengt því. Það er okkar að halda vinnunni áfram og finna leiðir til þess. Orðarýni, orðaforðavinnan, er ein af þeim leiðum og erum við í Háaleitisskóla mjög stolt af þeirri vinnu. Kennararnir okkar sem nota þessa aðferð markvisst sjá árangur af henni.

Ofantalin atriði og fleiri þarf að hafa til hliðsjónar við mótun lestrarstefnu Háaleitisskóla. Hugmyndavinna hefur verið undanfarið að því hvernig við getum skapað lestrarmenningu í skólanum og hvernig við getum vakið áhuga nemenda á lestri. Nánar um það í næsta kafla.

Næstu skref okkar felast í því að kynna afrakstur lestrarkennslukafans fyrir kennurum skólans, fræða þá og upplýsa um þær aðferðir sem við ætlum að nota. Við sjáum fyrir okkur að lestrarstefna Háaleitisskóla sé leiðbeinandi vinnuskjal, lýsandi verklag, fyrir kennara skólans, sem þeir hafa útprentað, til hliðsjónar bæði við undirbúning kennslu og í kennslu. Jafnframt viljum við leggja áherslu á það að þeir skrifi hjá sér, í útprentað skjalið, hvað er að virka og hvað ekki, til þess að hafa við höndina í næstu endurskoðun. Mikilvægið í starfi okkar sem kennarar liggur í því að finna kennslufræðilegar aðferðir sem virka til lengri tíma.

Reykjanesbær, 1. mars 2020

Jurgita Milleriene

Danival Toffolo

Jóhanna Helgadóttir

María Ólöf Sigurðar - Auðardóttir



Lestrarmenning

Skólabókasafnið er í aðalhlutverki þegar kemur að lestrarmenningu. Með því að hafa á boðstólnum bækur fyrir börn og unglinga samkvæmt getu þeirra og áhuga. Mikilvægt er að styrkja áhugahvöt nemenda þannig að þeir hafi ánægju að lestri og þjálfist í að velja lesefni sér við hæfi.

Stórt skref í að skapa slíka menningu er **jákvætt viðhorf** til lestrar. En það er gert með því að hvetja börn til lestrar og hafa bækur aðgengilegar. Góð færni í lestri er lykillinn að menntun nútímans.

Það sem hefur haft mikið að segja fyrir lestrarmenningu Háaleitisskóla eru **heimalesturslistarnir**. Nemendur byrja á lestrarlistum frá Menntamálastofnun (MMS). Síðan taka við bókasafnslistar eftir fyrirmynd annarra skóla í Reykjanesbæ sem hafa verið uppfærðir eftir bókakosti bókasafns Háaleitisskóla. Á bókasafninu eru körfur með bókum sem nemendur geta valið úr. Nemandinn velur sér bók og skráir síðan á listann hjá sér þá dagsetningu hvenær hann tók bókina. Með heimalesturslistunum og körfunum hefur aðgengi að bókum fyrir nemendur verið aukið mikið.

Markmið lestrarteymisins er að gera lestur sýnilegri í skólanum. Á göngunum, í salnum og í kennslustofum. Ein hugmynd er að fá bókavagna og hafa á vissum stöðum í skólanum. Þannig að nemendur geta gripið í bók og lesið.

Eitt af þeim markmiðum teymisins er að auka framboð á tímaritum, sérstaklega fyrir unglinga.

Lestrarhvetjandi verkefni eru mjög mikilvæg. **Verkefni bókasafnsfræðings eru meðal annars lestrarhvetjandi verkefni**. Allt skólasamfélagið þarf að leggjast á eitt og taka þátt í því að hrinda í framkvæmd **lestrarhvetjandi verkefnum**. Það geta verið verkefni eins og veggmyndir, orðaveggir, lestrarkeppnir, ljóðavikur, lestrarsprettir og fleira.

Þegar kemur að lestrarmenningu verður einnig að huga að **fjölmenningu**. Eitt af markmiðum Læsisstefnu Reykjanesbæjar hljóðar svo: „Að allir nemendur hafi sömu möguleika til að ná góðum árangri í læsi óháð tungumáli. Með því að auka aðgang að bókum/ritmáli á ólíkum tungumálum má ná þessu markmiði (2017)“. Safnið er að fá bækur í millisafnaláni frá Borgarbókasafni Gerðubergi. Þetta eru bækur á króatísku, arabísku, tælensku og rússnesku. Einnig höfum við fengið spænskar bækur frá Bókasafni



Vestmannaeyja. Mikilvægt er að tengja bókasafnið fjölmenningslegri starfsemi skólans með þessum hætti og finna fleiri leiðir til þess.

„Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast við á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirrar tækni og miðla sem völ er á, (Aðalnámskrá grunnskóla 2011, bls. 19). Góð færni í læsi er undirstaða alls náms. Færni í lestri eykur áhuga barna á bókmenntum og á áhugamálum þeirra. Að vinna með lestur er ferli sem þarf að vera í sífelldri endurskoðun og kennslan þarf þess vegna að taka mið af því sem reynist farsælast hverju sinni. Mikilvægt er að kenna fjölbreyttar lesskilningsaðferðir sem efla meðal annars orðaforða, málskilning, ályktunarhæfni, nýtingu bakgrunnspekkingar og námsvitundar. Í því sambandi er samstarf skóla og heimilis mjög mikilvægt.



Hlutverk heimilis

Til þess að átta sig á hlutverki heimilis og ábyrgð foreldra og/eða forráðamanna nemenda þegar kemur að lestri þá þarf að skoða þessa þætti í víðara samhengi. Íslensk lög um grunnskóla leggja línurnar að ábyrgð foreldra þegar kemur að námi barna á skólaskyldualdri. Í 19. gr um ábyrgð foreldra segir: „Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra (Alþingi, 2008)“. Aðalnámskrá grunnskóla byggir á gildandi lögum og reglugerðum og fjallar um nám og kennslu. Í Aðalnámskrá grunnskóla segir:

Velferð barna og farsæl námsframvinda byggist ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinna og gæti hagsmuna þeirra í hvívetna, eigi gott samstarf við skóla, veiti skólanum viðeigandi upplýsingar og taki þátt í námi barna sinna og foreldrastarfi frá upphafi til loka grunnskóla (2011, bls. 45).

Af framansögðu má sjá að hlutverk heimilis, hlutverk foreldra og/eða forráðamanna, er að bera ábyrgð á námi barna sinna, styðja við það í námi og fylgjast með námsframvindu. Aðkoma foreldra og forráðamanna í námi barna sinna hefur jákvæð áhrif á námsárangur og betri líðan barnsins í skólasterfinu (Nanna Kristín Christiansen, 2010).

Lestur er forsenda þess að taka þátt í lýðræðislegu samfélagi. „Traust kunnátta í móðurmáli er meginundistaða staðgóðrar menntunar“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 97). Foreldrar og/eða forráðamenn fá það hlutverk við upphaf skólagöngu barnsins síns að vera einstakur **lestrarþjálfari** barnsins síns. Það er aldrei raunhæfur kostur að ætla að skólinn geti einn og sér veitt þá þjálfun sem barnið þarf í lestri. Lestrarþjálfun barns er sameiginlegt verkefni heimilis og skóla, alla skólagöngu barnsins.

Hvað geta foreldrar gert? Foreldrar geta sýnt barninu sínu hversu **gaman það er að lesa**. Þeir geta verið góðar **lestrarfyrirmyndir**! Í því felst að lesa fyrir framan börnin og/eða hlusta á hljóðbækur. Lesa fyrir barnið upphátt úr bókum. Að sýna lestri og bókum áhuga, bæði eigin lestri og lestri barnanna. Sýna börnunum hvernig á að njóta bóka. Segja frá uppáhalds bókunum sínum og spyrja barnið út í uppáhaldsbækur þess. Hafa bækur sýnilegar og aðgengilegar á heimilinu. Ræða um mikilvægi og þýðingu þess að geta lesið.

Hvernig sinnir foreldri hlutverki sínu sem einstakur lestrarþjálfari barnsins? Við upphaf skólagöngunnar og fyrstu ár barnsins í skóla, með því að halda áfram að lesa fyrir barnið



þó svo það sé byrjað að þjálfa lestur sjálfst. Taka virkan þátt í lestrarþjálfun barnsins með því að **hlusta** á það lesa, **kvitta** fyrir heimalesturinn og **hvetja** það áfram. Spyrja barnið einfaldra spurninga úr lesefninu og hlusta af áhuga á svörin. Taka þátt í umræðunni og segja sína eigin skoðun. Velta fyrir sér innihaldi textans með barninu. Fara reglulega á Bókasafn Reykjanesbæjar með barnið og njóta þar innan um bækur og tímarit. Fá bækur að láni heim sem barnið getur skoðað og lesið heima. Öll börn í Reykjanesbæ fá frítt bókasafnskort.

Þegar barnið eldist og bækurnar verða lengri og flóknari þá skiptir miklu máli að halda samtalinu og umræðunni um lesturinn á lofti. Sýna barninu **skilning** þegar bókin breytist úr því að verða meiri texti og minna myndmál. Þá skiptir **ímyndunarafli** barnsins máli. Að barnið skapi sér sína eigin mynd af því sem það les. Það er ekki sjálfsagt að barnið búið yfir þessum hæfileika. Þar kemur lestrarþjálfinn sterkur inn. Hann getur skapað mynd af textanum með barninu með því að spyrja spurninga eins og: Hvernig heldur þú að húsið líti út? Hvernig er persónunni líst? Hvernig heldur þú að veðrið sé? Og svo framvegis. Það getur hjálpað að **teikna upp myndir** af atburðum og aðstæðum. Þegar vantar upp á **skilning** á texta er nauðsynlegt að fletta upp orðum og kanna merkingu þeirra, orðarýni. Íslensk nútímamálsorðabók hentar vel í það og er aðgangur að henni frír fyrir alla á netinu: <http://islenskordabok.arnastofnun.is/islob>

Á **miðstigi** vill það gerast að foreldrar sleppa oft taki á stuðningi við barnið sitt í lestri. Margir foreldrar telja að barnið sitt hafi náð lestrarfærninni og sé orðið læst. Því fer fjarri lagi. Einmitt á þessum tímamótun þyngist lesturinn enn frekar með flóknari orðaforða og meiri ályktunarhæfni er krafist af barninu. Það er í höndum foreldra og/eða forráðamanna að **halda utan um lestur** barnsins og sjá til þess að barnið **lesi daglega** og **vinni verkefni** sem skólinn setur fyrir úr lestrinum. Barnið les sjaldnar upphátt í skólanum og því er lagt til að barnið lesi að minnsta kosti fyrstu 5 mínúturnar af heimalestrinum upphátt og síðan í hljóði. Foreldri/forráðamaður **kvittar** fyrir lestrinum. Samtalið og umræðan um það sem barnið er að lesa er ennþá jafn mikilvæg og áður.

Sjálfstæði unglingsins skiptir hann miklu máli og þegar komið er á **unglingastig** eru oft gerðar þær kröfur til unglingsins, bæði af heimili og skóla, að hann sé fullfær um að sjá um lesturinn sjálfur. Það er alls ekki sjálfsagt. Unglingar eru misjafnir eins og þeir eru margir.



Þeir hafa þörf fyrir **staðfestingu, áhuga og hvatningu** í lestri. Lestur unglingsins má nálgast eins og íþrótt- og/eða tómstundastarf. Líta má á lestur sem íþrótt og það er æfingin sem skapar meistarann. Áhugi foreldra/forráðamanna á þessu stigi í lestrinum skiptir öllu máli. **Haldið með barninu ykkar!** Hvettu það til þess að lesa regluleg, hjálpaðu því að finna tíma til þess að lesa, fylgstu með árangrinum og hrósaðu þegar vel gengur (Brynhildur Þórarinsdóttir, e.d.). Foreldri/forráðamaður ber ábyrgð á því að unglingurinn sinn lesi heima daglega, vinni verkefni tengd lestrinum og kvittar fyrir lestrinum.



Lestrarkennsla á yngsta stigi

1. bekkur

Hæfniviðmið

Lestur og bókmenntir

- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- Lesið 20 - 75 orð á mínútu í lok 1. bekkjar.

Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.

Málfræði

- Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.
- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.

Ritun

- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.
- Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.



Kennslufyrirkomulag

Áherslur í kennslu

- Heimalestur daglega í 15 mínútur. Foreldri/forráðamaður hlustar og kvittar fyrir.
- Hverri heimalestrarbók fylgir heimaverkefni.
- Daglegur lestur upphátt fyrir kennara í skólanum.
- Hljóðaaðferð - grundvallaratriði hljóðaaðferðarinnar er að nemendur skilji að bókstafirnir tákna hljóð orðanna í talmálinu.
- Nestislestur - kennari les úr bók fyrir nemendur í nestistíma.
- K-PALS læsi fyrir 1. bekk.
- Kórlestur 2 – 3 sinnum í viku.
- Orðaspjall – aðferð þróuð á leikskólanum Tjarnaseli. „Aðferðin felst í að kenna orð úr barnabókum í gegnum samræður og leiki“ (Orðaspjall, 2013).
- Bók að heiman.
- Rithöfundur mánaðarins.
- Orðhlutaleið – þekja ritháttarmyndir orða og hugtaka. Nemendur festa í minni útlit ýmissa smáorða/algengra orða og þjálfast í að lesa þau leiftursnöggt.
- 100 algengustu orðin lögð fyrir nemendur einu sinni í viku. Umsjónarkennari skrifar upp orðin á töflu og nemendur skrifa niður í stílabók.

Námsefni

- Lestrarlandið, vinnubækur 1 og 2
- Ritrún 1
- Skrift 1
- Ýmsar skriftaræfingar
- Léttlestrarbækur við hæfi hvers og eins
- Ljósrituð vinnuhefti
- Við lesum A, les- og vinnubók
- Orðaspjall
- Sögubókin mín



Matstæki

- September – stafakönnun. Bókstafaþekking. Mentor
- September – Lesferill MMS. Lesfimi. Mentor/Skólagátt
- Október – skimunarpróf. Hlóðkerfisvitund, bókstafaþekking og málskilningur. Mentor/Skólagátt.
- Október – lesskilningspróf, hlustunarpróf. Mentor
- Nóvember – orðalykill. Skimunarpróf. Orðaforðapróf. Mentor/Skólagátt
- Janúar – Lesferill MMS. Lesfimi. Mentor/Skólagátt
- Janúar – lesskilningspróf. Mentor
- Janúar – hlíðarpróf: sjónrænn orðaforði og orðleysupróf. Mentor/Skólagátt
- Apríl - orðalykill. Skimunarpróf. Orðaforðapróf. Mentor/Skólagátt
- Apríl – lesskilningspróf. Mentor
- Maí – Lesferill MMS. Lesfimi. Mentor/Skólagátt
- Maí – hlíðarpróf: sjónrænn orðaforði og orðleysupróf. Mentor/Skólagátt

Umsjónarkennari fer yfir prófið og vinnur úr upplýsingum og skipuleggur lestrarkennsluna út frá stöðu nemenda.



2. bekkur

Hæfniviðmið

Lestur og bókmenntir

- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- Náð auknum tókum á lestri, bæði hvað varðar lestrarhraða og skilning og séu þannig í stöðugri framför.
- Lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.
- Lesið 40 - 100 orð á mínútu í lok 2. bekkjar.

Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.

Málfræði

- Dreigið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- Nýtt sér í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmál og niðurlag.
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.
- Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.
- Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfunda eða lestri lesanda.
- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki.

Ritun

- Dreigið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega, þekki skriftaráttina, þjálfist í fínhyfingum með fjölbreyttum verkfærum.



- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.
- Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.

Kennslufyrirkomulag

Áherslur í kennslu

- Heimalestur daglega í 15 mínútur.
Foreldri/forráðamaður hlustar og kvittar fyrir.
- Hverri heimalestrarbók fylgir heimaverkefni.
- Daglegur lestur upphátt fyrir kennara/stuðningsfulltrúa í skólanum.
- Hljóðaaðferð - grundvallaratriði hljóðaaðferðarinnar er að nemendur skilji að bókstafirnir tákna hljóð orðanna í talmálinu.
- Yndislestur
- Orð vikunnar
- Nestislestur - kennari les úr bók fyrir nemendur í nestistíma.
- Kórlestur 2 – 3 sinnum í viku.
- Hugtakakort
- Pristur
- Sögugerð
- Bók að heiman.
- Rithöfundur mánaðarins.
- Orðhlutaleið – þekkja ritháttarmyndir orða og hugtaka.
Nemendur festa í minni útlit ýmissa smáorða/ algengra orða og þjálfast í að lesa þau leiftursnöggt.
- 200 algengustu orðin lögð fyrir nemendur einu sinni í viku.
Umsjónarkennari skrifar upp orðin á töflu og nemendur skrifa niður í stílabók.



Námsefni

- Litla lesrún
- Ritrún
- Lestrarbækur og verkefni
- Orðaspjall
- Skrift 2
- Verkefni frá kennara

Matstæki

- September – Lesferill MMS. Lesfimi. Mentor/Skólagátt
- Október – lesskilningspróf. Mentor
- Nóvember – orðalykill. Skimunarpróf. Orðaforðapróf. Mentor/Skólagátt
- Janúar – Lesferill MMS. Lesfimi. Mentor/Skólagátt
- Janúar – lesskilningspróf. Mentor
- Janúar – hliðarpróf: sjónrænn orðaforði og orðleysupróf. Mentor/Skólagátt
- Apríl - orðalykill. Skimunarpróf. Orðaforðapróf. Mentor/Skólagátt
- Apríl – lesskilningspróf. Mentor
- Apríl - Lesmál – lesfimi, lesskilningur og stafsetning.
- Maí – Lesferill MMS. Lesfimi. Mentor/Skólagátt
- Maí – hliðarpróf: sjónrænn orðaforði og orðleysupróf. Mentor/Skólagátt

Umsjónarkennari fer yfir prófið og vinnur úr upplýsingum og skipuleggur lestrarkennsluna út frá stöðu nemenda.



3. bekkur

Hæfniviðmið

Lestur og bókmenntir

- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.
- Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.
- Lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- Lesið 55 - 120 orð á mínútu í lok 3. bekkjar.

Talað mál, hlustun og áhorf

- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.
- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

Málfræði

- Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.
- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- Gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.



Ritun

- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.
- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.
- Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.

Kennslufyrirkomulag

Áherslur í kennslu

- Heimalestur daglega í 15 mínútur.
Foreldri/forráðamaður hlustar og kvittar fyrir.
- Hverri heimalestrarbók fylgir heimaverkefni.
- Daglegur lestur upphátt fyrir kennara/stuðningsfulltrúa í skólanum.
- Yndislestur
- Orð vikunnar
- Nestislestur
- Kórlestur 2 – 3 sinnum í viku
- Hugtakakort
- Þristur
- Sögugerð
- Endursögn
- Bók að heiman.
- Rithöfundur mánaðarins.
- Orðhlutaleið – þekking ritháttarmyndir orða og hugtaka. Nemendur festa í minni útlit ýmissa smáorða/algengra orða og þjálfast í að lesa þau leiftursnöggt.
- 300 algengustu orðin lögð fyrir nemendur einu sinni í viku. Umsjónarkennari skrifar upp orðin á töflu og nemendur skrifa niður í stílabók



Námsefni

- Ritrún 3
- Skrift 3
- Lesrún
- Sögugerð

Matstæki

- September – Lesferill MMS. Lesfimi. Mentor/Skólagátt
- Október – lesskilningspróf. Mentor
- Nóvember – orðalykill. Skimunarpróf. Orðaforðapróf. Mentor/Skólagátt
- Janúar – Lesferill MMS. Lesfimi. Mentor/Skólagátt
- Janúar – lesskilningspróf. Mentor
- Janúar – hlíðarpróf: sjónrænn orðaforði og orðleysupróf. Mentor/Skólagátt
- Apríl - orðalykill. Skimunarpróf. Orðaforðapróf. Mentor/Skólagátt
- Apríl – lesskilningspróf, Orðarún. Mentor
- Maí – Lesferill MMS. Lesfimi. Mentor/Skólagátt
- Maí – hlíðarpróf: sjónrænn orðaforði og orðleysupróf. Mentor/Skólagátt

*Umsjónarkennari fer yfir prófið og vinnur úr upplýsingum og skipuleggur
lestrarkennsluna út frá stöðu nemenda.*



4. bekkur

Hæfniviðmið

Lestur og bókmenntir

- Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.
- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.
- Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.
- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.
- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- Lesið 80 - 145 orð á mínútu í lok 4. bekkjar.

Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

Málfræði

- Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.



- Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.
- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.
- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.

Ritun

- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.
- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.
- Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.



Kennslufyrirkomulag

Áherslur í kennslu

- Heimalestur daglega í 15 mínútur.
Foreldri/forráðamaður hlustar og kvittar fyrir.
- Hverri heimalestrarbók fylgir heimaverkefni.
- Daglegur lestur upphátt fyrir kennara/stuðningsfulltrúa í skólanum.
- Yndislestur
- Orð vikunnar
- Nestislestur
- Kórlestur 2 – 3 sinnum í viku
- Hugtakakort
- Þristur
- Sögugerð
- Endursögn
- Bók að heiman
- Rithöfundur mánaðarins
- Orðhlutaleið – þekkinga ritháttarmyndir orða og hugtaka. Nemendur festa í minni útlit ýmissa smáorða/algengra orða og þjálfast í að lesa þau leiftursnöggt.
- 400 algengustu orðin lögð fyrir nemendur einu sinni í viku. Umsjónarkennari skrifar upp orðin á töflu og nemendur skrifa niður í stílabók.

Matstæki

- September – Lesferill MMS. Lesfimi. Mentor/Skólagátt
- September – samræmd próf í íslensku. Mentor
- Október – lesskilningspróf. Mentor
- Október – ritunarpróf. Mentor
- Nóvember – orðalykill. Skimunarpróf. Orðaforðapróf. Mentor/Skólagátt
- Janúar – Lesferill MMS. Lesfimi. Mentor/Skólagátt
- Janúar – lesskilningspróf. Mentor
- Janúar – hlíðarpróf: sjónrænn orðaforði og orðleysupróf. Mentor/Skólagátt



- Mars – ritunarpróf. Mentor
- Apríl - orðalykill. Skimunarpróf. Orðaforðapróf. Mentor/Skólagátt
- Apríl – lesskilningspróf, Orðarún. Mentor
- Maí – Lesferill MMS. Lesfimi. Mentor/Skólagátt
- Maí – hlíðarpróf: sjónrænn orðaforði og orðleysupróf. Mentor/Skólagátt

Umsjónarkennari fer yfir prófið og vinnur úr upplýsingum og skipuleggur lestrarkennsluna út frá stöðu nemenda.

Úrræði á yngsta stigi

- Snemmtæk íhlutun
 - Skimanir
 - Eitt skref í einu lestrarþjálfun fyrir þá sem ná ekki lágmarksviðmiði í lesfimi
- Samstarf milli heimilis og skóla
- Námskeið í Álfheimum
- Ráðgjöf frá sérkennara skólans
- Ráðgjöf frá kennsluráðgjöfum Fræðslusviðs Reykjanesbæjar
- Stuðningur



Lestrarkennsla á miðstigi

5. bekkur

Hæfniviðmið

Lestur og bókmenntir

- Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.
- Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.
- Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.
- Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.
- Lesið 90 - 160 orð á mínútu í lok 5. bekkjar.

Talað mál, hlustun og áhorf

- Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.
- Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.
- Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.
- Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.

Málfræði

- Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.
- Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.
- Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað.
- Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.

Ritun

- Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.



- Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.
- Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.

Kennslufyrirkomulag

- Heimalestur daglega í 20 mínútur.
Foreldri/forráðamaður hlustar og kvittar fyrir.
- Lestrardagbækur-hverri heimalestrarbók fylgir heimaverkefni.
- Lesa upphátt fyrir kennara/stuðningsfulltrúa 4 sinnum í viku
- Orðarýni, orð dagsins
- Yndislestur
- Bók að heiman.
- Rithöfundur mánaðarins.
- Endursögn
- Spil og leikir
- Þristur
- Kórlestur
- Lestrartækni FSE (forlestur-lestur samhliða-eftirlestur)
- Lestrarvinir
- Hugtakakort
- Nota orðabækur
- Orðhlutaleið – þekkingarritarmyndir orða og hugtaka.
- 500 algengustu orðin lögð fyrir nemendur einu sinni í viku.
Umsjónarkennari skrifar upp orðin á töflu og nemendur skrifa niður í stílabók.



Námsefni

- Orðspor 1, les- og vinnubók
- Flökkuskinna
- Græna bókin, lesbók og vinnuhefti
- Óboðnir gestir, lesbók og vinnuhefti
- Svaðilför í berjamó, lesbók og vinnuhefti
- Skrift 5
- Fyrsti smellur, lesskilningur
- Ýmis verkefni frá kennara

Matstæki

- September – Lesferill MMS. Lesfimi. Mentor/Skólagátt
- Október – lesskilningspróf. Mentor
- Nóvember – orðalykill. Skimunarpróf. Orðaforðapróf. Mentor/Skólagátt
- Janúar – Lesferill MMS. Lesfimi. Mentor/Skólagátt
- Janúar – lesskilningspróf. Mentor
- Janúar – hlíðarpróf: sjónrænn orðaforði og orðleysupróf. Mentor/Skólagátt
- Apríl - orðalykill. Skimunarpróf. Orðaforðapróf. Mentor/Skólagátt
- Apríl – lesskilningspróf, Orðarún. Mentor
- Maí – Lesferill MMS. Lesfimi. Mentor/Skólagátt
- Maí – hlíðarpróf: sjónrænn orðaforði og orðleysupróf. Mentor/Skólagátt

Umsjónarkennari fer yfir prófið og vinnur úr upplýsingum og skipuleggur lestrarkennsluna út frá stöðu nemenda.



6. bekkur

Hæfniviðmið

Lestur og bókmenntir

- Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.
- Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.
- Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.
- Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.
- Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.
- Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.
- Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.
- Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.
- Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.
- Lesið 105 - 175 orð á mínútu í lok 6. bekkjar.

Talað mál, hlustun og áhorf

- Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.
- Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.
- Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.
- Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.
- Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.



- Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.

Málfræði

- Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.
- Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað.
- Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.
- Notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta.
- Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.
- Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.

Ritun

- Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.
- Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.
